

82

31. maí

Því úrskurðast.

Framangreindur úrskurður sýslumanns um, að Bjarni hreppstjóri Sigurðsson skuli eiga sæti sem aðalsýslunefndarmaður Eskifjarðarhrepps á aðalfundi sýslunefndar Suður-Múlasýslu þ. á., er úr gildi feldur, og stendur þá ályktun sýslunefndar tjeðrar sýslu um, að Guðmundur prestur Ásbjarnarson eigi sæti á fundinum sem aðalsýslunefndarmaður tjeðs hrepps, óhöggud.

Þetta er yður hjermeð tjáð til leiðbeiningar og birtingar fyrir sýslunefndinni.

83

5. júní

Brjef stjórnarráðsins til skattanefndarinnar í Fljótshlíðarhreppi *um kostnað við mat á eftirgjaldi jarða í sjálfsábúð.*

Jafnframt því að senda skattanefndinni meðfylgjandi landssjóðsávisun, að upphæð kr. 17.00, til endurgjalds reikningi yfir kostnað við mat á eftirgjaldi jarða í sjálfsábúð í Fljótshlíðarhreppi, er fylgdi brjefi 22. apríl þ. á., skal þess getið, að stjórnarráðið hefir að þessu sinni ávísað fullri upphæð reikningsins, en annars ber að skilja brjef stjórnarráðsins, dags. 17. mars þ. á., til allra skattanefnda, á þann veg, að það að eins taki til þeirra jarða í sjálfsábúð, er eftirgjald þeirra er svo lágt, að eigi nær tekjuskattsgjaldi samkvæmt I. kafla tekjuskattslaganna, og ber þá fyrir matið að greiða samkvæmt 21. gr. sömu laga.

84

21. júlí

Brjef stjórnarráðsins til landssímastjórans *um tímareikning við símaþjónustu.*

Eftir móttöku brjefs yðar, herra landssímastjóri, dags. 17. þ. m., veitir stjórnarráðið hjermeð samþykki sitt til þess, að 24 stunda klukka verði notuð við símaviðskifti hjer á landi frá og með 1. ágúst næstkomandi, bæði að því er snertir innlend viðskifti og erlend.

Þetta birtist yður hjermeð til leiðbeiningar, frekari ráðstafana og birtingar.

85

22. júlí

Brjef stjórnarráðsins til fasteignamatsnefndar Suður-Múlasýslu *um greiðslu á kaupum fasteignamatsnefnda.*

Með brjefi, dagsettu 6. þ. m., hefir fasteignamatsnefnd Suður-Múlasýslu farið þess á leit, að hún framvegis geti fengið kaup sitt útborgað mánaðarlega, annaðhvort á skrifstofu Suður-Múlasýslu, eða í útibúi Íslandsbanka á Seyðisfirði. Ennfremur fara nefndarmenn fram á að fá greidda aukapóknun fyrir eftirvinnu, eða fyrir það sem þeir starfa að matinu fram yfir 10 stundir á dag.

Útaf þessu skal fasteignamatsnefndinni hjermeð tjáð til leiðbeiningar, að stjórnarráðið sjer sjer ekki fært að láta útborga kaup matsmanna þar eystra, þar sem reikningarnir yfir matskostnaðinn verða að sendast stjórnarráðinu til úrskurðar, áður en þeir eru útborgaðir. En til þess að engin ónauðsynleg töf verði á greiðslu kostnaðarins, mun stjórnarráðið framvegis leggja fyrir landsfjehirði að senda matsnefndinni hinar úrskurðuðu upphæðir reikninganna, í peningum, með fyrstu ferð.

85
22. júlí

Að því er síðara atriðið snertir, þá telur stjórnarráðið sig ekki hafa heimild til að greiða matsnefndum þóknun fyrir aukavinnu fram yfir 10 stundir á dag því að matsmenn eiga, samkv. 12. gr. fasteignamatslaganna, aðeins að fá 5 kr. fyrir hvern dag sem þeir gegna nefndarstörfum, án tillits til þess hve margar stundir á dag þeir eru að starfi sínu.

Að endingu skal þess getið, að lagt hefir verið fyrir landsfjehirði að senda formanni fasteignamatsnefndar Suður-Múlasýslu kr. 278,22, sem er upphæð reikninga þeirra, er fylgdu frammannefndu brjefi matsnefndarinnar.

Brjef stjórnarráðsins til sýslumannsins í Barðastrandarsýslu um bráðabirgðaflutning þingstaðar.

86
24. júlí

Samkvæmt tillögum yðar, herra sýslumaður, í brjefi, dags. 11. maí þ. á., og beiðni hreppsnefndarinnar í Barðastrandarhreppi, veitir stjórnarráðið samþykki sitt til þess, að þingstaður nefnds hrepps verði til bráðabirgða fluttur að Haga í greindum hreppi, enda annist hreppsnefndin um það, að til verði á þingstað þessum hæfilegt hús til þinghaldanna.

Þetta er yður hjermeð til vitundar gefið til leiðbeiningar og frekari birtingar.